



Fundur í sveitarstjórn

42. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Félagsheimilinu Þórsveri, Þórshöfn fimmtudaginn 25. febrúar 2016 og hófst kl 17:05.

Mætt voru: Reynir Atli Jónsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Hilma Steinarsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Fundargerð 180. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 3. feb. 2016.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Heimili og skóli, bréf

Bréf lagt fram til kynningar.

Tillaga að bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur heilshugar undir með Heimili og skóla en bendir á að í Langanesbyggð er ekki um að ræða niðurskurð til fræðslumála.

Samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð 6. fundar rekstrarstjórnar Nausts, dags. 5. feb. 2016

Fundargerð lögð fram til kynningar.

4. Fundargerð 7. fundar rekstrarstjórnar Nausts, dags. 22. feb. 2016

Liður 1: Fjöldi hjúkrunarrýma og samskipti við Velferðarráðuneytið

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti málið, um er að ræða samskipti vegna einhliða fækkunar Velferðarráðuneytisins á hjúkrunarrýmum á Nausti. Umrædd fækkun kippir stoðum undan rekstri heimilisins.

Tillaga að bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar lýsir yfir þungum áhyggjum vegna stöðu mála og felur sveitarstjóra að koma áhyggjum sínum á framfæri við Velferðarráðuneytið, ráðherra og þingmenn kjördæmisins.

Samþykkt samhljóða.

Liður 2: Starfslýsingar stjórnenda Nausts (drög)



LANGANESBYGGÐ

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti drög að starfslýsingum stjórnenda Nausts.

Liður 3: Félagsstarf aldraðra

Tillaga að bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar fagnar því að gengið hefur verið frá ráðningu Helgu Jóhannesdóttur í starf tómtundafulltrúa aldraðra

Samþykkt samhljóða.

5. Naust - framtíðarrekstrarfyrirkomulag

Siggeir Stefánsson lýsir yfir vanhæfi til að fjalla um málið. Samþykkt samhljóða.

Siggeir yfirgefur fundinn og Karl Ásberg Steinsson tekur sæti.

Þorsteinn Ægir Egilsson lýsir yfir vanhæfi til að fjalla um málið. Samþykkt samhljóða.

Þorsteinn Ægir yfirgefur fundinn og Oddný Kristjánsdóttir tekur sæti.

Sveitarstjóri kynnti málið.

Tillaga að bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að ganga til samninga við núverandi stjórnendur, Sólrúnu og Sigríði, ásamt og að vinna önnur mál áfram í samræmi við framlögð gögn.

4 samþykkir, Karl Ásberg, Halldóra Jóhanna og Björn Guðmundur sitja hjá.

Siggeir og Þorsteinn taka aftur sæti.

6. Nýbygging leikskóla / skólamiðstöðvar – stöðuskýrsla verkefnisstjóra

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti stöðuskýrslu frá verkefnisstjóra, unnið hefur verið við undirbúning á forsendum sem gefnar voru á fundi sveitarstjórnar 14.01.2016. Verkefnisstjóri mun koma norður í 10 viku og funda vegna málsins. Fyrir þann fund er meiningin að komin verði ágætlega mótuð hugmynd að gólfplani nýbyggingarinnar.

7. Finnafjörður - viljayfirlýsing

Sveitarstjóri og oddviti fóru yfir og kynntu málið.

U-listinn biður um fundarhlé kl. 17:37. Samþykkt að veita 20 mín. fundarhlé.

Fundur settur að nýju 17:50.

Oddviti biður um fundarhlé kl. 17:54. Samþykkt.

Fundur settur að nýju kl. 18:23.

Tillaga að bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar ákveður að fresta umræðum og afgreiðslu þessa liðar fram til mánudagsins 29.02.2016 kl. 12:00 og taka hann fyrir á trúnaðarfundi. Sveitarstjórn afsalar sér greiðslu fyrir þann fund.

Samþykkt samhljóða.

8. Reglulegir fundir sveitarstjórnar Langanesbyggðar - minnisblað

Sveitarstjóri lagði fram og fór yfir minnisblað varðandi málið er varðar breyttar



LANGANESBYGGÐ

tímasetningar funda. Breytingin felur í sér að hér eftir verði fundað þriðja hvern fimmtudag.

Tillaga að bókun frá U-lista:

Það er mat U-listans að afgreiðsla allra mála verði þyngrri og erfiðari ef fækka eigi fundum sveitarstjórnar frá því sem nú er, sem og að fundirnir verði lengri og strembnari og því gerir U-listinn það að tillögu sinni að að reglubundnir fundir sveitarstjórnar haldist óbreyttir en þóknun sveitarstjórnarmanna, fyrir hvern fund, verði lækkuð um helming.

3 samþykkir, Hilma, Hulda Kristín, Þorsteinn Ægir og Reynir Atli á móti.

Tillaga að bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að gera þær breytingar sem þarf á samþykktum sveitarfélagsins.

4 samþykkir, Siggeir, Halldóra Jóhanna og Björn Guðmundur á móti.

9. Bráðabirgðarekstraruppgjör 2015

Sveitarstjóri lagði fram og fór yfir bráðabirgðarekstraruppgjör 2015.

Rekstrarniðurstaða A sjóðs er jákvæð um 2,7 m. og rekstrarniðurstaða samstæðu er jákvæð um 1,7 m. Það er viðsnúningur upp á 26,4 m. miðað við fyrra ár.

Launakostnaður hefur hækkað töluvert vegna kjarasamninga og nýs starfsmats, hækkun launakostnaðar er minni en hækkun vegna kjarasamninga.

10. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti þau verkefni sem hafa verið í gangi.

Unnið hefur verið áfram í sértækum byggðakvóta á Bakkafirði.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga var með viðveru á skrifstofu Langanesbyggðar og var vel sótt.

Umræður fóru fram um gjaldtöku á tjaldsvæðinu á Bakkafirði.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:06